

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 241/2017

2019/EES/80/33

frá 15. desember 2017

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1503 frá 25. ágúst 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/68 um sameiginlegar verklagsreglur og forskriftir sem nauðsynlegar eru fyrir samtengingu rafrænna skráa yfir öku-mannskort⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 21ba (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/68) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„... eins og henni var breytt með:

- **32017 R 1503**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1503 frá 25. ágúst 2017 (Stjtið. ESB L 221, 26.8.2017, bls. 10).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/1503, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. desember 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. desember 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 221, 26.8. 2017, bls. 10.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.